

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Líneik Önnu Sævarsdóttur um kostnað við snjómokstur og hálkuvörn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var árlegur kostnaður Vegagerðarinnar við snjómokstur og hálkuvörn á árunum 2010–2018:

- a. á landinu öllu,*
- b. á Fjarðarheiði,*
- c. á Fagradal?*

Landið allt.

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarkostnað Vegagerðarinnar við snjómokstur á landinu öllu 2010–2018. Tölur eru á verðlagi í lok árs 2018.

Ár	Kostnaður
2010	2.251.936.720
2011	2.755.474.929
2012	2.908.845.076
2013	3.081.257.663
2014	3.552.915.931
2015	3.802.065.510
2016	2.932.767.466
2017	2.967.464.992
2018	3.365.749.077

Fjarðarheiði.

Viðhaldi og þjónustu á Fjarðarheiði er sinnt frá áhaldahúsinu í Fellabæ. Í töflunni er sýndur allur kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna sem sinnt er frá Fellabæ. Innifalinn er kostnaður við stjórnun og rekstur búnaðar vegna þessara verkefna. Í neðstu tveimur línunum er sýndur kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir á Fjarðarheiði einni. Annars vegar, í næstneðstu línu, án kostnaðar við hálkuvarnir, stjórnun og rekstur búnaðar. Hins vegar, í neðstu línu, með kostnaði vegna hálkuvarna, stjórnunar og reksturs búnaðar. Helmingamokstur og kostnaður við rekstur vaktstöðvar eru undanskildir. Tölur eru í þús. kr.

Verkhloti	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Mokstur	88.188	82.453	88.476	134.061	178.386	112.749	107.152	95.358	103.479
Stjórnun, hálfuvarnir	10.050	15.274	19.313	27.898	25.646	33.416	42.024	51.432	51.002
Tennur og dreifarar	9.794	9.499	10.381	14.685	15.370	18.584	10.277	8.690	17.430
Samanlagt	108.033	107.226	118.170	176.643	219.403	164.750	159.454	155.480	171.912
Hlutdeild snjómoksturs	82%	77%	75%	76%	81%	68%	67%	61%	60%
Fjarðarheiði	32.139	28.136	31.876	44.938	57.963	34.168	37.243	31.012	40.669
Með öllum kostnaði	39.371	36.590	42.575	59.212	71.290	49.927	55.421	50.565	67.564

Fagridalur.

Í töflunni hér á eftir er sýndur allur kostnaður vegna snjómoksturs og hálfuvarna sem tilheyrir áhaldahúsi á Reyðarfirði. Leiðinni um Fagradal er sinnt þaðan. Innifalinn er kostnaður við hálfuvarnir, stjórnun og rekstur búnaðar vegna þessara verkefna. Fagridalur og Hólmaháls voru fram að flutningi Hringvegarins á sama verknúmeri. Með öðrum orðum er kostnaður vegna þessara tveggja vegakafla ekki skilinn að í bókhaldi. Á grunni gagna ársins 2019 er kostnaður við leiðina um Fagradal metinn 75% af heildarkostnaði leiðarinnar frá Eskifirði að Egilsstöðum. Leiðinni frá Eskifirði að Egilsstöðum er skipt í þessa tvo kafla, þ.e. annars vegar er leiðin um Fagradal og hins vegar leiðin um Hólmaháls. Kostnaður við Hólmaháls er metinn 25% af heildarkostnaði. Í neðstu línunni er sýndur kostnaðurinn við Fagradal sérstaklega með kostnaði vegna hálfuvarna, stjórnunar og reksturs búnaðar. Í næst-neðstu línunni er sýndur beinn kostnaður vegna moksturs. Helmingamokstur og kostnaður við rekstur vaktstöðvar eru undanskildir. Tölur er í þús. kr.

Verkhloti	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Mokstur	73.823	87.312	92.039	89.710	100.747	99.761	72.776	70.837	60.814
Stjórnun, hálfuvarnir	9.363	13.698	22.708	30.208	24.840	33.764	19.745	19.207	25.958
Tennur og dreifarar	7.416	7.416	7.416	7.416	7.416	7.416	7.416	7.416	7.416
Samanlagt	90.602	108.426	122.163	127.334	133.004	140.942	99.938	97.461	94.188
Hlutdeild snjómoksturs	81%	81%	75%	70%	76%	71%	73%	73%	65%
Egilsstaðir–Eskifjörður	26.761	30.827	42.181	32.928	315.36	38.631	30.019	30.471	33.240
Fagridalur	24.632	28.712	41.991	35.053	31.224	40.933	30.917	31.442	38.612
Með öllum kostnaði	32.843	38.282	55.988	46.738	41.632	54.577	41.223	41.923	51.483